

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. mars 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um mannvirki, 426. mál.

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og SART – Samtök rafverktaka skila hér sameiginlegri umsögn um frumvarp þetta.

Í 2. gr. frumvarpsins er snýr að gildissviði þess er ekki minnst á lyftur og lyftubúnað líkt og í fyrra frumvarpi að lögum um mannvirki. Samtökin leggja ríka áherslu á að þessi málaflokkur verði ekki undanskilinn þar sem lyftur eru hluti af föstum búnaði bygginga. Með því að kljúfa þennan málaflokk frá er verið að ganga gegn tilgangi laganna um aukið hagræði.

Í 4. tl. 5. gr. frumvarpsins segir að hlutverk Byggingarstofnunar sé að hafa eftirlit með framkvæmd laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að nefndin sem endurskoðaði byggingarlagapáttinn telur nauðsynlegt að sameina rafmagnseftirlit í einni stofnun undir einu ráðuneyti, þó ákvæði um það sé ekki að finna í frumvarpinu sjálfu.

Nærtækasta lausnin er að lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga verði breytt þannig að ofangreindu markmiði verði náð með sameiningu málaflokksins hjá Byggingarstofnun.

Í því sambandi ber að hafa í huga að markaðseftirlit raffanga er rafmagnsöryggismál sem á heima með öðrum rafmagnsöryggismálum þar sem fagleg þekking er til staðar. Þannig fyrirkomulag var hér á landi um áratuga skeið og er einnig hjá rafmagnsöryggisstofnunum á öllum Norðurlöndunum, enda málaflokkurinn ein samofin kerfisheild.

Þá er brýnt að það fé sem innheimt er af raforkufyrirtækjum og innflytjendum raffanga renni óskipt til rafmagnsöryggismála, sbr. lög nr. 146/1996 en ekki til annarra og ótengdra verkefna.

Í 8. tl. 5. gr. frumvarpsins segir að meðal verkefna Byggingarstofnunar sé að standa fyrir námskeiðum til réttinda fyrir hönnuði og byggingarstjóra og að gefa út löggildingar fyrir hönnuði, iðnmeistara og slökkviliðsmenn. Samtökin leggja til að hlutverk Byggingarstofnunar varðandi námskeið verði að sjá til þess að þau verði haldin ásamt því að skilgreina námskeiðsefni en að aðrir aðilar geti eftir atvikum haldið þessi námskeið og prófað þekkingu manna þótt veiting og svipting leyfa verði áfram í höndum stofnunarinnar. Þá leggja Samtökin áherslu á það að með orðinu „námskeiðum“ í textanum sé átt við skemmri námskeið. Hlutverk Byggingarstofnunar verði ekki að starfrækja skóla.

Samkvæmt 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir sveitarstjórn sé heimilt með sérstakri samþykkt að kveða á um að byggingarnefnd starfi í sveitarfélaginu sem fjalli um byggingarleyfisumsókn áður en byggingarleyfi er gefið út af byggingarfulltrúa og hafi að öðru leyti eftirlit með stjórnarsýslu hans fyrir hönd sveitarstjórnar. Að mati samtakanna er óljós tilgangurinn með þessu ákvæði og er það til þess fallið að gera stjórnarsýsluna óljósari og jafnframt flækja afgreiðslu mála.

Í lokamálslið 9. gr. frumvarpsins segir: „Varði breyting á mannvirki útlit og form þess skal leita samþykkis skipulagsnefndar áður en byggingarleyfi er veitt nema breyting sé óveruleg“. Hér vaknar spurning hvort eigi ekki frekar að leita samþykkis viðkomandi sveitarfélags í stað skipulagsnefndar.

Í 14. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að byggingarleyfi falli úr gildi hafi byggingaframkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess. Samtökin telja mikilvægt að fresturinn verði lengri en 12 mánuðir. Bent er á að hér getur verið um mjög umfangsmiklar framkvæmdir að ræða þar sem ljúka þarf hönnun og fjármögnun eftir að leyfi hefur verið gefið út. Auk þess getur kæra til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála seinkað því um marga mánuði að framkvæmdaleyfi liggi fyrir í raun. Lagt er til að umræddur frestur verði lengdur í a.m.k. 2 ár.

Í 1. tl. 4. mgr. 27. gr. er gert ráð fyrir að heimildir byggingarstjóra takmarkist af gerð mannvirkis og umfangi framkvæmda m.a við nýbyggingu einfalds atvinnuhúsnaðis. Vafi getur leikið á í hvaða flokki ákveðin framkvæmd á heima og ekki liggur t.d. ljóst hvaða munur er á „einföldu atvinnuhúsnaði“ sem fellur undir 1. tl. 4. mgr. 27. gr. frumvarpsins og öðru atvinnuhúsnaði sem fellur undir 3. tl. í sömu grein.

Ósamræmis gætir í 50. gr. frumvarpsins og athugasemdum með viðkomandi grein. Í greininni er gert ráð fyrir að byggingaröryggisgjaldið skuli nema 0,07 prómillum af vátryggingafjárhæð brunatrygginga fasteigna en í athugasemdunum er gert ráð fyrir að gjaldið sé 0,09 prómill. Samtökin leggja áherslu á að gjaldinu verði í hóf stillt og í raun sé 0,07 prómill of hátt.

Í 57. gr. frumvarpsins er fjallað um áminningu og missi löggildingar eða starfsleyfis. Að mati samtakanna er hér þörf á nákvæmari lýsingu á viðurlögum, m.a. upplýsingum um tímalengd sviptinga.

SAMTÖK IÐNAÐARINS



Sigurður B. Halldórsson, hrl.

SART – SAMTÖK RAFVERKTAKA



Ásbjörn R. Jóhannesson, framkvæmdastjóri

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Pétur Reimarsson, forstöðumaður
stefnumótunar- og samskiptasviðs